

„Mín leið“

Þróunarverkefni í leikskólanum Sæborg

Þróun persónumappa í tengslum við einstaklingsnámskrár barna

2007-2009



Soffía Þorsteinsdóttir



Efnisyfirlit

Útdráttur.....	3
Inngangur.....	4
Leikskólinn Sæborg.....	5
Leikskólastarf í Reggio Emilia	6
Fræðilegur grunnur.....	7
Ferli verkefnis.....	9
Lýsing á persónumöppunni og helstu breytingar.....	16
Mat og ráðgjöf.....	20
Samantekt og umræður.....	26
Heimildaskrá.....	28
Fylgiskjal.....	29

Útdráttur

Markmiðið með þróunarverkefninu sem greint verður frá í þessari skýrslu var að vinna með persónumöppu barna sem þóttu of einhæfar og þróa þær í tenglum við gerð einstaklingsnámskrár fyrir hvert barn í leikskólanum. Persónumappa hefur fylgt barni frá upphafi leikskóla til enda. Persónumappan hefur haft það hlutverk í megin dráttum að halda utan um verkefni barna sem unnin eru í leikskólanum.

Verkefnið var unnið í leikskólanum Sæborg á árunum 2007-2009. Allt starfsfólk leikskólans sat fyrirlestra og námskeið. Sérstakur möppuhópur sat fundi og safnaði gögnum. Í möppuhóp sátu: Anna Gréta Guðmundsdóttir deildarstjóri, Ástrós Elíasdóttir verkefnastjóri tónlistar, Arndís Gísladóttir myndlistamenntaður starfsmaður, Halla Dögg Önnudóttir verkefnastjóri í listasmiðju, Hólmsteinn Eiður Hólmsteinsson deildarstjóri, Jensína K. Jensdóttir deildarstjóri, Svava Hansdóttir deildarstjóri og Soffía Þorsteinsdóttir leikskólastjóri og verkefnistjóri. Eftir fyrsta árið í verkefninu hættu Jensína K. Jensdóttir, Halla Dögg Önnudóttir og Ástrós Elíasdóttir. Í staðin komu Auður Ævarsdóttir, aðstoðarleikskólastjóri og Kristín Hildur Ólafsdóttir verkefnisstóri í listasmiðju.

Mat var unnið bæði í leikskólanum og af RannUng; rannsóknarstofu í menntunarfræðum ungra barna.

Undirbúningur verkefnisins tók eitt ár og fólst í lestri og umræðum, ásamt því að skoða hvað hægt væri að nýta úr gömlu möppunni í nýju möppuna. Einnig var rætt um ný viðmið fyrir einstaklingsnámskrár og leiðir til að meta börnin. Á fyrsta árinu voru haldin nokkur námskeið og fyrirlestrar. Farið var í heimsóknir á aðra leikskóla sem byrjaðir eru vinnu með einstaklingsnámskrár. Seinna árið fór í framkvæmdir við að kaupa möppur og skápa undir þær, kynna nýjar möppur fyrir foreldrum og tilgang þeirra. Verkefnið hefur einnig verið kynnt hjá Menntavísindasviði H.Í, bæði í byrjun og í lok verkefnisins. Þá var verkefnið kynnt á Stóra leikskóladeginum hjá Leikskólasviði, 6. júní 2009. Möppurnar segja núna meira um hvert barn og nýtast í foreldraviðtölum. Nokkur vinna er framundan

við að virkja foreldra og starfsfólk enn betur í skráningum og vinna betur að einstaklingsnámskrám barna og að fá börnin að matinu.

Verkefnið var styrkt af Borgarsjóði Reykjavíkur.

Inngangur

Þróunarverkefnið í leikskólanum Sæborg hófst haustið 2007 og lauk formlega haustið 2009. Markmiðið með þróunarverkefninu var fjórþætt. Í fyrsta lagi að þróa persónumöppur leikskólans þannig að þær segi meira um hvert barn og séreinkenni þess. Í öðru lagi að vinna við gerð einstaklingsnámskrár fyrir hvert barn leikskólans. Í þriðja lagi að finna ný viðmið til að meta barn. Í fjórða lagi að fá foreldra í samvinnu við gerð einstaklingsnámskrár fyrir barnið og með barninu. Í verkefninu verður stuðst við hugmyndafræði Reggio Emilia, sem gengur í megin dráttum út á; *að barnið sé sterkt og hafi mikið fram að færa*. Einnig verður horft til Aðalnámskrá leikskóla frá 1999.

Í starfsáætlun Leikskóla- og Menntasviðs (2006) kemur fram að leikskólar eigi að sinna einstaklingsmiðuðu námi og sýna fram á það í námskrá leikskóla. Þar segir einnig að vinna skuli áætlun í samvinnu við foreldra og eigi hún að endurspeglar þarfir og áhugasvið barns. Áætlanirnar verði síðan metnar reglulega með börnum og foreldrum. Í Aðalnámskrá leikskóla (Menntamálaráðuneytið, 1999) er einnig mælt til þess að hver leikskóli geri einstaklingsnámskrár, sem eigi að gefa upplýsingar um markmið sem hafa verið sett fyrir hvert barn og þær leiðir sem fara á til að ná þeim.

Í endurmati í leikskólanum vorið 2006 þar sem persónumöppur barna voru skoðaðar sérstaklega kom í ljós að sá tilgangur sem settur var með þeim upphaflega var ekki að skila sér. Í ljósi þess að einstaklingsmiðuðu námi hefur ekki verið markvisst sinnt í leikskólanum var ákveðið að kanna þann möguleika að vinna námskrá barns í tengslum við þróun persónumappa.

Í upphafi skýrslunnar er sagt frá leikskólanum og hugmyndafræði hans, sagt er frá helstu verkþáttum, námskeiðum, umræðum, lýsingu á persónumöppunni og þeim breytingum sem urðu á henni. Sagt er frá niðurstöðum úr mati RannUng á möppunum. Einnig verður sagt frá rannsókn sem gerð var í leikskólanum meðal foreldra um viðhorf

þeirra til skráninga. Sagt er frá samanburði sem gerður var á tveimur könnunum (Leikskólasviði Reykjavíkur, 2007 og 2009) til að sjá hvað hafi breyst eftir að þróunarverkefnið fór af stað. Að lokum verður sagt frá könnun sem gerð var meðal foreldra leikskólans og viðhorf þeirra til breytinganna.

Leikskólinn Sæborg

Leikskólinn Sæborg tók til starfa árið 1993 og var þá þriggja deilda leikskóli. Árið 1995 var leikskólinn stækkaður í fjögurra deilda leikskóla. Í dag eru 83 börn samtímis í leikskólanum. Börnin flytjast upp milli deilda ásamt starfsfólki.

Helstu séreinkenni leikskólans er stórt torg sem er sameiginlegt rými fyrir deildir leikskólans. Yfir torginu er þakgluggi, sem hleypir góðri birtu inn. Þar er gott rými fyrir hreyfi-, byggingar- og hlutverkaleiki. Torgið er skemmtilegt svæði og á það að vera eins og nafnið gefur til kynna miðja og sameiginlegt svæði allra deilda leikskólans. Á torginu er einnig leikhús þar sem meðal annars er hægt að leika með ljós og skugga. Listasmiðjan er við torgið, hún er einnig sameiginleg fyrir allan leikskólann. Í listasmiðju hefur verið verkefnisstjóri frá árinu 2002. Verkefnisstjóri listasmiðju heldur utan um starfið í listasmiðju, ásamt því að hafa yfirumsjón með skapandi starfi í leikskólanum.

Umhverfi Sæborgar er heillandi, útsýni yfir sjóinn til Bessastaða og yfir Reykjanesið. Fjaran er í næsta nágrenni leikskólans. Í fjöruna sækjum við efnivið til skrauts, upplifunar og listsköpunar. Flugvöllurinn setur einnig svip sinn á starfið í leikskólanum, þegar flugvélarnar fljúga yfir. Grásleppuskúrarnir sem eru skammt undan hafa oft verið uppspretta hugmynda fyrir þemastarf en Sæborg leggur mikið upp úr slíku starfi.

Árið 1998 fór leikskólinn í sitt fyrsta þróunarstarf, en megin tilgangurinn þess var að innleiða sérstaka nálgun í vinnu með börnum í tengslum við umhverfi þess og menningu. Verkefnið fékk heitið *Tjáning, sköpun og umhverfi* en í lokaskýrslu fékk það heitið *Bleikir gíraffar í Sæborg*. Hugmyndafræði Reggio Emilia var höfð til hliðsjónar við uppbyggingu starfsins. Verkefnisstjóri þróunarstarfsins var Kristín Hildur Ólafsdóttir,

Þáverandi lektor við Kennaraháskóla Íslands en nú verkefnisstjóri í listasmiðju leikskólans.

Leikskólastarf í Reggio Emilia og fræðilegur grunnur

Hugmyndafræði Reggio Emilia er kennd við borgina Reggio Emilia á Norður Ítalíu. Stuttu eftir að seinni heimstyrjöldinni lauk ákváðu nokkrar mæður þar í borg að byggja leikskóla á húsarústum. Þetta vildu þær gera fyrir börn sín, en ekki síður fyrir lýðræðið sem var þeim mjög hugleikið. Í landi sem hafði upplifað hörmungar stríðsins var strax í upphafi lögð mikil áhersla á að láta börnunum í té þekkingu og styrk til þess að geta varið sig. En ekki síður til þess að þau gætu betur staðir vörð um frelsi sitt, þar sem kynslóð foreldra þeirra hafði ekki tekist það. Börnin áttu að þroska hæfileika sína, njóta virðingar og það átti að hlusta á þau. Strax í upphafi var kennslan og þekkingarleit barnanna það mikilvægasta, ekki pössunin. Sálfræðingurinn og kennarinn Loris Malaguzzi frétti af þessu framtaki mæðranna og ákvað að kanna málið. Hann heillaðist af eldmóði þeirra og ákvað að taka þátt í þessu ævintýri. Í 25 ár gegndi Malaguzzi síðan embætti yfirmanns leikskólamála í Reggio. Á þeim tíma mótuðu hann og samstarfsmenn hans þessa stefnu. Hann sagði að börn hefðu „100 mál“ og ætti að hvetja börnin til að nota öll sín skilningarvit og þá hæfileika sem þau búa yfir. Til þess að börn geti tjáð sig á einhverjum af „100 málum“ sínum þurfa þau verkefni til þess að vinna úr og festa í minni reynslu sína. Malaguzzi sagði að leikskólinn ætti að vera lifandi staður í stöðugri þróun, þar sem börn og fullorðnir gætu verið í góðu sambandi hvert við annað. Í Reggio leikskólum eru samræður hátt skrifaðar vegna gildi þeirra fyrir þroska barnsins og vegna þess hversu lýðræðislegt

Þetta samskiptaform er. Í samræðum geta allir tekið þátt og þar hafa ólík sjónarmið gildi. Til að þróa gagnrýna hugsun hjá börnum þarf að kenna þeim að skilgreina hluti, með því að sjá þá innan frá og frá öllum hliðum.

Veganesti barnanna út í lífið er byggt á reynslu þeirra sjálfra. Það þarf að hlúa að sköpunargáfunni, hún er ekki eitthvað sem maður fær fyrirhafnarlaust upp í hendurnar. Hana öðlast maður með vinnu sinni, við að athuga umheiminn, ræða vandamál og vinna úr þeim. Allt þetta stuðlar að því að fram kemur skapandi mannvera með æðra vitsmunalíf (*Námskrá Sæborgar 2006, bls 6*).

Fræðilegur grunnur

Í Reggio Emilia er markvisst unnið með myndformið í þekkingarleit og sem tjáningarform. List og listsköpun er leið að ákveðnu marki en ekki markmið í sjálfu sér. Atferlið að skapa er tjáningarform alls milli himins og jarðar. Mikilvægast er að skoða ferli sköpunarinnar en ekki einungis afurðina. Hvað gerist á meðan á sköpuninni stendur? Hvernig nálgast barnið efnið og hvernig þróar það hugmyndir sínar? Það er mikilvægt fyrir áframhaldandi þróun að geta gripið andartakið í ferlinu. Reynt er að viðhalda og örva forvitni barnanna og mikil áhersla er lögð á sjónskyn ásamt beitingu annarra skynfæra. Í Reggio er litið svo á að sjónþjálfun leiði til lifandi og skapandi hugsunar.

Hinn fullorðni gegnir siðferðislegri skyldu gagnvart barninu í uppeldinu. Skyldu til að miðla menningu og stuðla að auknum þroska barnsins. Það má þó ekki eingöngu gerast þannig að hinn fullorðni miðli sífellt til barnsins eins og hann viti allt betur og þannig yfirgnæfi hugmyndir barnanna og upplifanir. Í Reggio Emilia er litið á menntun út frá samfélagslegri virkni og miðlun menningar sem á sér stað þegar börn og fullorðnir skoða viðfangsefnið í sameiningu með því að íhuga, rannsaka og ræða saman.

Hugmyndir Reggio Emilia ganga út frá virkni barnsins, þar sem barnið tjáir uppgötvanir í skapandi efnivið eins og í myndlist, tónlist og opinn efnivið. Myndlist verður leið fyrir tjáningu en ekki markmið í sjálfu sér. Börnin þróast í ákveðnu vinnuferli sem stuðlar að þeirra eigin uppgötvun og þekkingu. Börn eru hvött til að spyrja spurninga og leita svara við þeim sjálf. Starfsfólkið tekur virkan þátt í starfinu með því að öðlast næmni og tilfinningu fyrir áhugamálum barnanna og hlusta á vangaveltur þeirra.

Hugmyndir barnanna ráða ferðinni með aðstoð starfsfólksins. Hin *hundrað mál barnsins* eru höfð í huga þ.e.a.s. að við tjáum okkur á marga vegu og öll mál eru álitin jafn gild. Viðhorf til barnsins eru að barnið sé sterkt, hafi mikið fram að færa og sé fært um að gera ýmislegt sjálf (Námskrá Sæborgar, 2006. bls.7).

Til þess að geta metið og skoðað það sem hefur átt sér stað í ferlinu notum við skráningar (*e.documentation*). Við skráum og nýtum til þess ýmis hjálpartæki eins og hljóðupptökutæki, myndavélar og minnisbók.

Skráningin er einn stærsti þátturinn í vinnu með skapandi starf sem skilar kennaranum vitneskju um áhuga og upplifun barns. Þegar ferli er lokið er gott að geta skoðað skráninguna og lært af henni hvað tókst vel og hvað mætti betur fara.

Með því að nota skráningu getum við fylgst betur með þeirri þróun sem á sér stað hjá hverju barni og hverjum hóp fyrir sig.

Reglulega eru hengdar upp myndir eftir börnin ásamt skráningum og ljósmyndum. Þetta er gert til að gera ferlið sýnilegt fyrir foreldra, börn og starfsfólk (Námskrá Sæborgar, 2006. bls.8).

Verkefnið með skráningunum eru einnig geymd í möppum til að sýna síðar hvað barnið var að fást við. Skráningar eiga einnig að endurspeglar áhugasvið og styrkleika barns. Skráningarnar á að vera hægt að taka reglulega fram og skoða með barninu, foreldrum og öðru starfsfólki.

Ferli verkefnis

Endurmat á persónumöppunum vorið 2006 varð kveikjan að þessu verkefni. Í endurmatinu kom í ljós að skráningar með verkum barnanna sem fóru í persónumöppurnar voru ekki nægilega ýtarlegar. Möppurnar sýndu meira afurðir en ferlið sjálft. Einnig sýndu möppurnar ekki nægilega vel áhugasvið barnanna og séreinkenni. Vaknaði þá sú hugmynd hjá leikskólastjóra að kanna möguleika á að fara í þróunarstarf þar sem persónumappan yrði þróuð í tengslum við gerð einstaklingsnámskrá barna.

Haustið 2007 var hugmyndin kynnt fyrir starfsfólki leikskólans og foreldrum, sem allir tóku vel og var þá ákveðið að sækja um styrk. Á starfsmannafundi í leikskólanum í nóvember 2007 var ákveðið að leikskólastjóri tæki að sér verkefnastjórn. Ákveðið var á sama fundi að bjóða starfsfólki að gefa kost á sér í sérstaka möppunefnd, sem hefði það verkefni að sitja fundi með verkefnistjóra og vinna að framkvæmd verksins og öflun gagna. Allir deildarstjórnarnir gáfu kost á sér, verkefnisstjóri í listasmíðju og verkefnisstjóri tónlistar ásamt einum myndlistamenntuðum starfsmanni.

Ákveðið var að nýta sem mest starfsmannafundi og skipulagsdaga leikskólans fyrir fundi og námskeið. Þrír möppufundir voru þó haldnir fyrir utan hefðbundinn vinnutíma. Fjórir fyrirlestrar voru haldnir fyrir allt starfsfólk leikskólans í þeim tilgangi að dýpka skilning starfsmanna á tilgangi persónumappa og einnig skráningum. Einn fyrirlestur var haldinn fyrir bæði starfsfólk og foreldra um grunnatriði í skráningum. Heimsóttir voru tveir leikskólar sem komnir eru talsvert langt í vinnu með einstaklingsnámskrár og skoðað hvað leiðir þeir færu.

Markmið

Markmið sem sett voru í upphafi þróunarstarfsins:

- Bæta persónumöppurnar
- Að byggja upp einstaklingsnámskrá fyrir barnið
- Finna viðmið til að meta barnið út frá sem hæfa hugmyndafræði leikskólans
- Persónumöppurnar sýni ferli barns í námi leikskólans
- Vinna í samstarfi við foreldra að markmiðum barns síns og mati á hvernig gengur
- Að mappan hafi að geyma samskipti og samtöl barna
- Að tengja heimili og skóla þannig að hér verði ekki um tvo aðskilda heima að ræða
- Fá foreldra til að skrá það sem gerist heima þannig að barnið geti deilt reynslu og upplifun með vinum sínum í leikskólanum
- Gera starfið í leikskólanum sýnilegra

Umræður og fundir

Möppuhóp var skipt eftir verkþáttum í þrjá hópa:

- **Einn hópur tók að sér að skoða hvað hægt sé að nýta úr gömlu möppunni í nýju.**

Þau verkefni sem hópurinn kom sér saman um að halda inni voru:

Sjálfsmyndir barna, ein unnin að vori og ein að hausti til að fylgjast með þróun. Úrvals ljósmyndir af barninu, sem sýna daglegt líf leikskólans í hnotskurn, eins og til dæmis: afmæli, útiveru, leik og matartíma. Fyrstu myndina frá fyrstu deild barnsins. Skráningu frá fyrstu dögum barns í leikskólanum. Viðtalsskráningu við barn gerða af börnum.

Vangaveltur voru um það, hvað ætti að gera við upplýsingar (stundum viðkvæmar), sem hafðar eru til hliðsjónar við foreldraviðtöl. Hugmynd kom frá hópnum um að hafa þessar upplýsingar í lokuðum plastvasa aftast í möppunni.

- **Annar hópur tók að sér að skoða það sem ætti að vera í nýju möppunni.**

Verkefni sem hópurinn taldi nauðsynlegt að hafa inni í nýju möppunni:

Fyrstu dagar barnsins í leikskólanum í máli og myndum. Gæti verið skema þar sem skrifað er daglega fyrstu vikuna hvernig gekk. Sjálfsmyndir; barnið teiknar sjálfsmynd a.m.k. fyrir hvert foreldraviðtal, ca. eina á yngri deildunum og tvær á eldri deildunum. Til viðbótar væri gaman að hafa mismunandi útfærslur af sjálfsmyndum; til dæmis í leir, vatnslitaða, málaða, klippimynd o.fl. Fjölskyldumyndir með svipaðri útfærslu og sjálfsmyndirnar. Verkefnið *Málað á bleiunni*, þar sem börnin leika frjálst með pensil. Afmælisdagur barnsins í máli og myndum og pælingar barnsins um afmælisdaginn sinn. Eftir hvern vetur ca. tvær blaðsíður af ljósmyndum eða ljósmyndadiskur frá hverri deild. Skráningar úr hlutverkaleik, leir, kubbum, útiveru og fleiru með áherslu á samskipti. Gullkorn barnanna þegar við á. Sögur eftir börnin og ljóð.

Þá varð umræða um góðan frágang á myndverkum barnanna og hvort þurfi að setja allar myndir á karton. Kannski minnkar karton notkunin þegar farið verður að setja í plastvasa. Einnig vaknaði spurning um möppur með áföstum plastvösum og hvort það sé hentugt, til dæmis hvað ef þeir klárast? Er gaman fyrir barn sem er einn vetur í Sæborg að fá möppu fulla af tómunum plastvösum. Hjá hópnum vaknaði sú spurning hvernig hægt væri að gera þemaverkefnið sem barnið hefur tekið þátt í sýnileg í persónumöppunni eða hvort við ættum að sleppa þeim alveg í möppunni. Segja þemaverkefnið okkur ekkert um barnið? Gott væri að í nýju möppunum væri hægt að geyma ljósmyndadiska og jafnvel diska með samræðum barns við önnur börn. Rætt um kaflaskiptingu í möppunni og hvernig henni skuli háttað. Á að hafa kaflaskipti við afmæli barns eða þegar barn skiptir um deild eða eftir verkefnum. Ákveðið var að hafa litað karton fyrir kaflaskipti og að kaflaskipti verði við afmæli barns.

- **Priðji hópurinn tók að sér að koma með hugmyndir að útliti persónumappa.**

Helstu niðurstöður voru:

Einfaldar möppur (A4) lausum plastvösum. Framan á möppunni verður mynd af barninu eða sjálfsmynd sem barnið gerir. Kjölurinn verður skreyttur af barninu sjálfu. Rætt var um að viðkvæmar upplýsingar yrðu settar í lokaðan vasa aftast í möppunni.

Mappan þarf að vera sýnileg og aðgengileg fyrir börn og foreldra. Aftast í möppunni verði plastvasi fyrir ljósmyndadiska.

- **Annað sem rætt var og þá allir hóparnir saman:**

Hvernig hugsum við okkur rammann sem við ætlum að styðjast við til að meta barnið eftir og hvað viðmið setjum við í möppuna fyrir einstaklingsnámskrána? Hvernig metum við best framfarir hjá barninu og hvað matstæki koma til greina? Einnig var rætt um það mat sem stuðst hefur verið við hingað til í leikskólanum eða þroskamatið *Leikur og Athafnir* (Mette Tafjord, 1982), þar sem stuðst er við PAC þroskahringinn (H.C. Gunzburg). Það kom fram í umræðunum að hringurinn samræmdist ekki hugmyndafræði leikskólans. Hugmyndir möppuhóps urðu þær að best væri að byggja viðmiðin fyrir nýjar einstaklingsnámskrá út frá hugmyndafræði Reggio Emilia. Hugmyndir vöknudu hjá hópnum varðandi viðmið en þau eru: Barnið sjálf; barnið og leikurinn; barnið, efniviðurinn og sköpunin; barnið og hópurinn og barnið og heimilið. Viðmiðin verða útfærð nánar. Markmið verði sett með hverju barni með því að styðjast við skráningarnar í möppunni og á þann hátt verður einstaklingsnámskrá barns byggð upp. Skráningar þurfa að koma að heiman svo heildarmynd náist af barninu.

Rætt var einnig hvernig við sæjum foreldra koma að verkinu. Kynna þarf skráningar betur fyrir foreldrum og gera könnun meðal foreldra um viðhorf þeirra til skráninga. Hugmynd um að láta foreldra skrá meira heima eins og t.d. í sumarfríinu. Var þeirri hugmynd eitt sinn hrint í framkvæmd en gekk ekki þar sem henni var ekki fylgt nægilega vel eftir. Hugmynd kom einnig upp varðandi það, að fara heim til barnanna eftir vissan tíma og kynnast þeim þar í sínu rétta umhverfi. Einn af leikskólunum sem við skoðuðum í tengslum við verkefnið tekur fyrsta viðtalið sem fram fer við upphaf leikskóla heima hjá barninu.

Umræður urðu oft fjörugar og gátu fundir því dregist á langinn, t.d. urðu umræðurnar um sjálfsmyndir barna skemmtilegar og lærdómsríkar:

„Segir það allt um barn hvernig það teiknar sig? Hvað með barn sem ekki vill teikna sig og áhugi þess liggur annar staðar? Barn sem getur t.d. tjáð sig vel og sagt frá en ekki teiknað sig er það með lélega sjálfsmynd? Barn sem alls ekki vill teikna, hvað gerum við í því? Hvað með starfsfólk, getur það teiknað sig? Er nauðsynlegt að starfsmenn geti teiknað sig til að skilja barn betur? Erum við að gera kröfur á börn sem starfsfólk getur ekki staðið undir? Þarf ekki að gefa börnum tækifæri til að vinna sjálfsmynd á marga vegu og með margskonar efnivið og tæki“?

Tíma tók að ákveða hvað skyldi fara í nýju möppuna og hvernig væri best að útfæra verkefnið. Að lokum var ákveðið að vinna nokkur sýnishorn fyrir sýningamöppu. Endurmat verður gert á innihaldi nýrrar möppu eftir foreldraviðtöl að hausti 2008 og aftur 2009.

Lesefni sem lagt var fyrir allt starfsfólk leikskólans fyrir námskeið og fyrirlestra var:

- *Sjónarmið barna og lýðræði í leikskólastarfi*, í ritstjórn; Jóhannönnu Einarsdóttur og Bryndísar Garðarsdóttur (Jóhanna og Bryndís, 2008)
- *In Dialogue With Reggio Emilia, listening, researching and learning*; Carla Rinaldi
- *Námskrá leikskólans* (Námskrá Sæborgar, 2006)
- *Aðalnámskrá leikskóla* (Menntamálaráðuneytið, 1999)

Fyrirlestrar

Hér verður sagt stuttlega frá fyrirlestrum sem haldnir voru í leikskólanum í tengslum við verkefnið.

Skráningar og ferilmöppur

Fyrirlesari var Kristín Hildur Ólafsdóttir, lektor við K.H.Í.

Kristín ræddi um ferilmöppu sem afrakstur skráninga.

Einnig ræddi Kristín um skráningarferli og hvað er mikilvægt að skrá. Setja þarf markmið með skráningunni og finna leiðir, t.d. hvað á að skrá, fyrir hvern og hvað á að gera við skráninguna? Einnig hvaða skráningaraðferð hentar í hvert skipti.

Þá ræddi Kristín um misjafnan tilgang með möppunni eftir því hver á í hlut; kennari, barn, foreldri eða leikskólinn.

Skráning og ferilmappa

Lesefni fyrir fyrirlesturinn var bókin: *Sjónarmið barna og lýðræði í leikskólastarfi* (Jóhanna og Bryndís, 2008). Kafli: *Námssögur*, styrkleikar og færni leikskólabarna (Kristín og Bryndís).

Fyrirlesari var Kristín Karlsdóttir, lektor við K.H.Í

Kristín fjallaði um ferilmöppu, markmið hennar og tilgang. Einnig fjallaði hún um markmið skráningar og þá ímynd sem Reggio Emilia styðst við. Ef markmið ferilmöppunnar er að hluta til matstæki eins og gert er ráð fyrir að skráningin sé í Reggio Emilia þá er mikilvægt að sá fræðilegi grunnur sem stuðst er við hafi samhljóm við hugmyndafræði Reggio Emilia.

Kristín ræddi einnig um skráningar- og matsaðferð sem þróuð var á Nýja-Sjálandi í tengslum við útgáfu námskrár fyrir leikskóla þar árið 1996.

Möppur í Reggio Emilia

Fyrirlesari var Soffía Þorsteinsdóttir, leikskólastjóri og verkefnisstjóri.

Fjallað var um heimsókn leikskólastjóra í leikskólann *Tondelli* í Reggio Emilia (*Námsferð leikskólastjóra Leikskólasviðs Reykjavíkur, árið 2008*).

Í Tondelli eru margskonar möppur notaðar í starfinu með börnum.

Sérstök mappa sem börnin eiga, byggir á sögu barnsins, hvenær það byrjaði í leikskólanum, aldur, myndir að heiman og af barninu við ýmsar athafnir. Einnig eru myndverk barnanna með skráningum, ljósmyndir af barninu í leik og starfi með öðrum börnum með ýtarlegum skráningum. Lögð er áhersla á að skoðað vel hvert viðfangsefnið er, hvað barnið er að læra og fást við. Lagt er upp úr því að hafa möppuna fallega og skemmtilega.

Annar tilgangur möppunnar er að skoða barnið í samskiptum við umhverfi sitt og önnur börn. Myndverkum barnsins eru gerð góð skil. Skráningarnar eru notaðar við að meta barnið.

Í Reggio Emilia eru foreldraviðtöl ekki algeng. Í leikskólanum Tondelli í Reggio Emilia er rætt saman á fundum með öllum foreldrum um skráningar og þær kynntar vel fyrir

foreldrum. Þannig kynnast foreldrar betur skráningum og tilgangi þeirra. Slíkir fundir eru nokkrir á ári.

Ígrundun skráningar

Fyrirlesari var Guðrún Alda Harðardóttir, leikskólaráðgjafi í Reykjavík.

Guðrún Alda tók fyrir eina skráningu, sem unnin hafði verið í leikskólanum Sæborg í tengslum við þemastarf um eldfjöll. „Góð skráning“ sem gefur góða mynd af ferlinu og leiðir áhorfandann áfram. Guðrún Alda benti á að gott væri að taka ljósmyndir af vel heppnuðum skráningum og geyma og nota síðan áfram í starfinu til hliðsjónar þegar verið er að setja upp skráningar fyrir aðra. Guðrún Alda lagði mikið upp úr því að ræða þyrfti skráningar og ígrunda, annars vegar starfsfólk saman og hins vegar starfsfólk og foreldrar. Þetta er gert til að fá betri heildar mynd af barni og einnig hvað barnið er að fást við, hvað barnið er að læra.

Grunnatriði í skráningu og tilgangur

Fyrirlestur fyrir bæði starfsfólk og foreldra leikskólans.

Fyrirlesari var Kristín Hildur Ólafsdóttir, verkefnisstjóri í listasmiðju.

Kristín Hildur fjallaði um markmið skráninga, tilganginn með þeim og ýmsar skráningarleiðir. Einnig sýndi hún í máli og myndum dæmi um skráningar á leikskóla. Hún lagði áherslu á að við hefðum alltaf í huga í skráningum að við værum að horfa á megnugt barn og áhugasvið þess. Að lokum ræddi Kristín um mikilvægi þess að skoða og ræða; hvað erum við að skrá og hvers vegna?

Rannsókn

Rannsóknin var unnin af Auði Ævarsdóttur, aðstoðarleikskólastjóra.

Markmið rannsóknarinnar var m.a. að kanna viðhorf foreldra barnanna til skráninga.

Hvað finnst foreldrum skipta mestu máli varðandi skráningar og hvað finnst foreldrum um þá hugmynd að efla foreldrasamstarf enn frekar með því að gera skráningar heima?

Tekin voru hálfopin viðtöl við foreldra og voru þau notuð til stuðnings við gerð spurningalista. Spurningalisti var svo lagður fyrir foreldra áttatíu barna í Sæborg, svarhlutfall foreldra var 70%.

Í niðurstöðum rannsóknarinnar má sjá að 95% foreldra finnst skipta máli að skráningar séu notaðar í leikskóla, 84% foreldra skoða skráningar barnanna einu sinni í viku eða daglega, 48% foreldra finnst skráningar á verkum barnanna skipta mestu máli og 84% foreldra finnst þeir fá mjög eða frekar mikla innsýn inn í innra starf leikskólans með því að skoða skráningar. Að lokum má sjá að 59% foreldra eru óákveðnir og vita ekki hvort þeir séu tilbúnir að efla foreldrasamstarf með því að nota skráningu heima, 29% segja já og aðeins 11% segja nei.

Þessi rannsókn segir okkur það að gera þarf betur í kynningum á skráningum fyrir foreldra og einnig að kynna tilgang skráninga og hvað þær hafa að segja fyrir börnin og námsferlið. Foreldrum finnst skráningar skipta máli og að þeir fái innsýn í starfið en þeir eru ekki eins tilbúnir að skrá sjálfir. Þá má velta því fyrir sér hvort ástæðan fyrir því að foreldrar eru óákveðnir gæti verið of lítil kynning á aðferðinni.

Í kjölfar rannsóknarinnar var ákveðið að hrinda í framkvæmd sumarfrísskráningu fyrir foreldra, í þeim tilgangi að kynna skráningar betur fyrir foreldrum og að fá foreldra til að skrá heima. Hannað var sýnishorn af sumarfrísmöppu með hugmyndum að skráningum svo foreldrar gætu betur áttað sig á tilganginum. Sumarfrísmappan hefur skilað sér nokkuð vel í leikskólann, þó mættu foreldrar vera duglegri. Börnin hafa gaman af að sýna hana, mappan styrkir sjálfsmynd barnsins og gefur því tækifæri til að tjá sig um það sem gerist í lífi þess utan leikskólans.

Lýsing á persónumöppunni og helstu breytingar á þeim

Persónumappan hefur tengst námi barns í leikskólanum, hún þjónar þeim tilgangi m.a. að halda utan um verkefni barns ásamt ljósmyndum og skráningum í tengslum við verkefni sem barnið gerir. Ljósmyndir úr daglegu lífi barns og einnig ljósmyndir frá ýmsum uppkomum og hefðum í leikskólanum hafa fylgt í möppunni. Persónumappan fylgir barninu frá upphafi leikskólans, milli deilda og til lokadags. Barnið hefur fengið persónumöppuna afhenta á útskriftardegi leikskólans.

Innihald persónumöppu í upphafi þróunarstarfs:

(1-3 ára) Sjálfsmyndir (önnur gerð í upphafi og hin gerð að vori)

Nokkrar ljósmyndir, fóta og handafar

Afmælisskráning á öllum deildum

(3-4 ára) Tvær sjálfsmyndir (ein gerð að hausti, hin að vori)

Nokkrar ljósmyndir

(4-5 ára) Tvær sjálfsmyndir (ein gerð að hausti og ein að vori)

Nokkrar ljósmyndir

(5-6 ára) Tvær sjálfsmyndir (ein að hausti og ein að vori, tússteikning með svörtu tússi)

Barninu hefur fylgt önnur mappa í leikskólanum svo kölluð *ljósmyndamappa* unnin af foreldrum. Ljósmyndamappan geymir sögu barnsins fyrir leikskólagöngu ásamt ljósmyndum að heiman. Saga barnsins er skráð af foreldrum;hvernig gekk fæðingin og hvað hefur helst á daga mína drifið fyrir leikskóla, uppáhalds leikfang, uppáhalds sögu, ljóð o.fl. Ljósmyndamappan er hugsuð sem tenging milli tveggja heima barnsins. Ljósmyndamappan hjálpar barni fyrstu dagana í leikskólanum og er vinsælt efni til að skoða með öðrum börnum og starfsfólki.



Persónumappan fyrir breytingar



Ljósmyndamöppur

Ný viðmið

Í foreldraviðtölum undanfarin ár hefur verið stuðst við þroskamatið; Leikur og Athafnir (*Matte Tafford, 1982*). Notast er við sérstakan skráningarhring sem fenginn er frá „Progress Assessment Chart“ PAC-Þroskamatið. Hugmyndin að baki skráningarhringnum er að sýna hversu langt barnið hefur náð á hverju þroskastigi fyrir sig. Í leiðbeiningum segir að nauðsynlegt sé að örva þessi þroskastig hjá barninu til þess að barnið nýti betur hæfni sína í leik. Viðhorf til barna í Reggio Emilia eru að litið er á barnið sem sterkan einstakling sem hefur mikið fram að færa. Með skráningum í leikskólanum hefur verið reynt að horfa á styrkleika barns fremur en það sem barn getur ekki, því samræmast hugmyndir í PAC-Þroskamatinu um erfiðleika í leik hjá barni illa hugmyndafræði Reggio Emilia. Einnig er PAC- þroskamatið byggt upp á miklum mælingum sem meira eru hugsaðar í tengslum við sérkennslu, þar sem meðal annars er rætt um að gera matið með sálfræðingum og sjúkráþjálfurum. Nýju viðmiðin eru unnin út frá hugmyndafræði Reggio Emilia. Hugmyndir Reggio Emilia ganga út frá virkni barns, þar sem barn tjáir uppgötvanir sínar í skapandi efnivið eins og myndlist, tónlist og opinn efnivið. (*Námskrá Sæborgar, 2006, bls. 7*). Til þess að geta metið ferlið og skoðað það sem hefur átt sér stað notum við skráningar. Skráningin er einn stærsti þátturinn í vinnu með skapandi starf sem skilar kennaranum vitneskju um áhuga og upplifun barnsins. Markmið með skráningu er að sýna það starf sem á sér stað í leikskólanum. Skráning auðveldar okkur mat og skoðun á hlutverki starfsfólks í námsferlinu en einnig skoðun á hugsun og hugsanaferli barnsins. Skráning er staðfesting og þekking sem nota skal til þróunar og umræðu (*Kristín H. Ólafsdóttir, Bleikir gíraffar, 2005. Bls. 17*).

Einstaklingsnámskrár verða byggðar upp með þessi viðmið í huga:

- **Barnið sjálft** / sjálfstæði, sjálfsmynd og lýðræði
- **Barnið í hópnum** / samvinna og félagsfærni
- **Barnið, sköpun og efniviður** / leikur, efniviður, sköpun
- **Barnið og heimilið** / saga barnsins, hver er ég, áhugamál

- **Barnið og leikurinn** / leikur, hreyfing, val (þetta hefur breyst)

Stefnt er að því að minnst verði ein skráning úr hverjum flokki í möppu barnsins við ólíkar aðstæður og athafnir. Skráningar eru gerðar bæði inni og úti, í frjálsum leik og skipulögðum með margbreytilegan efni við svo nægilega góð heildarmynd náist af barninu. Skráningar þarf að gera á barni í samskiptum við aðra, við ólík viðfangsefni og fjölbreytt skilyrði. Skráningar þurfa einnig að segja eitthvað um áhuga, vilja og getu barns. Einnig þarf að skrá tilfinningar barna sem þau sýna gagnvart umhverfi sínu og öðrum börnum. Hvernig barnið er að standa sig í hreyfingu, samræðum, sjálfstæðum vinnubrögðum og athöfnum.

Heima fara skráningar fram á svipaðan hátt og í leikskólanum, en við önnur skilyrði og annarskonar athafnir. Foreldrar og kennarar vinna síðan að því í sameiningu að setja markmið með barninu og síðan að meta árangur.

Persónumappan heldur utan um skráningar sem unnar eru bæði í leikskólanum og heima hjá barninu. Persónumappa með „Góðum skráningum“ mun síðan styðja við þau markmið sem unnin verða með hverju barni og verða þannig grunnurinn að einstaklingsnámskrá barns.

Hugmynd að innihaldi nýrrar möppu:

- Saga barnsins áður en það byrjar í leikskólanum í máli og myndum (foreldrar)
- Aðlögunarferlið skráð af bæði kennurum og foreldrum
- Málað á bleiunni
- Sjálfsmyndir með skráningum á hverri deild
- Skráningar af barni í leik, í tengslum við efnið og samskipti við önnur börn /samantekt frá þeim sem skráir þarf að fylgja þessum skráningum. Þetta geta verið 3-4 skráningar teknar
- Þemaverkefni
- Afmælisráningar á hverri deild, nýtt sem kaflaskipti í möppunni

- Sumarfrísskráningar (foreldrar)
- Útfærsla barns af bókstafnum sínum með sjálfmynd
- Markmið sem barnið setur sér
- Einstaklingsnámskrá barns
- Geisladiskar með ljósmyndum eftir hverja deild ásamt samræðum

Hver mappa á líka að vera einstök og sýna persónuleika og áhugasvið barns, fjölbreytt vinnubrögð og frumkvæði.



Persónumappa eftir breytingar

Þeir starfsmenn í möppuhópi, sem sáu um útlit möppunnar, höfðu ákveðið að kjölur möppunnar yrði skreyttur og ljósmynd sett af barninu framan á. Þróunin varð önnur, ljósmyndin fór á kjöl möppunnar en myndskreytingin framan á. Þannig á barnið auðveldara með að finna möppuna sýna í skápnum

Mat og ráðgjöf

RannUng, rannsóknarstofa í menntunarfræðum ungra barna

RannUng leggur til að raðað sé í möppurnar í tímaröð þannig að þær nái yfir ákveðið ferli, byrja á því efni sem kemur að heiman og svo skrá aðlögun barns og svo framvegis. Hafa textann ítarlegri og nota myndir til stuðnings. Einnig leggur RannUng til að fækkað verði

afurðum sem standa án skýringa. Hafa samantekt og mat þess sem skráir eftir hverja skráningu í þeim tilgangi að draga fram styrkleika barns, hvernig það er í samvinnu við aðra, hvernig það lærir best og áhugamál þess. Í möppurnar vantar tengingu við heimili barnanna. Mikilvægt að tengja heimili og leikskóla saman í ljósi þess að börn læra í gegnum reynslu og mikilvægt er að hafa samfellu í námi barna. Sumarleyfismöppurnar eru góð tenging við heimilin og þróa mætti þá hugmynd frekar og tengja við eða fella inn í persónumöppuna eftir hvert sumarfrí. Einnig er hægt að setja myndir af fjölskyldu, gæludýri, herbergi, vinum, uppáhaldsleikfangi o.fl. Þá bendir RannUng á að möppurnar megi vera litríkar og skemmtilegar fyrir börnin. Til dæmis með því að nota myndir sem segja ákveðna sögu, setja persónulega hluti að heiman o.s.fr.

Megin tilgangurinn með persónumöppunum er að endurspegla sögu barnsins í leikskólanum, styrkleika þess og tengsl við önnur börn ásamt því að efla tengsl heimilis og leikskóla.

(*RannUng, skýrsla um mat á persónumöppum í Sæborg, 2009*). Nú þegar hefur verið tekið tillit til flestra þessara atriða. Stefnt er að því að fella sumarfrís- og ljósmyndamöppur inn í persónumöppuna. RannUng gerir síðan grein fyrir því í skýrslu (sjá fylgiskjöl) að hve miklu leyti möppurnar endurspegla viðmiðin.

Viðhorfskönnun Leikskólasviðs

Samanburður var gerður í leikskólanum á viðhorfskönnunum foreldra, sem gerðar voru árið 2007 og svo aftur árið 2009, á nokkrum spurningum sem lúta að einstaklingsnámskrám og foreldraviðtölum. Svarhlutfall var 79% í bæði skiptin.

Hefur þú tekið þátt í að gera einstaklingsnámskrá fyrir barnið þitt?

- Árið 2007 svöruð 90,4% neitandi
- Árið 2009 svöruðu 51,9% neitandi

Hversu ánægur/óánægður ertu með síðasta foreldraviðtal?

- Árið 2007 svöruðu 91,8% að þeir væru ánægðir
- Árið 2009 svöruðu 85,7% að þeir væru ánægðir!

Vinnan við einstaklingsnámskrár fór af stað í leikskólanum haustið 2008 sem sýnir þróun, en þó ekki nægilega mikla. Ástæðan fyrir lækkandi prósentuhlutfalli í annarri spurningu var ekki ljós. Hvort það er vegna breytinganna sem urðu á foreldraviðtölunum eða að sumar möppurnar voru ekki tilbúnar og foreldrar ekki haft nægar upplýsingar um tilganginn með möppunum. Þetta þarf að skoða nánar í næstu foreldraviðtölum og spyrja foreldra hvað þeir séu ánægðir með eftir breytinguna og hvað ekki. Samræður milli foreldra og kennara um uppeldi barnsins sýnir ekki aukningu milli ára 2007-2009, er óbreytt 85%. Þennan lið þyrfti að auka og verður spennandi að sjá hvort það gerist með nýju möppunum. Hvort foreldrar hafi tækifæri til að hafa áhrif á innra starf leikskólans fór úr 42% árið 2007 í 60% árið 2009. Upplýsingar og umræður um þroska barns dróst saman frá árinu 2007 til 2009 úr 98% í 94%. Sennilega hafa þarna breytingarnar frá PAC-þroskamatinu og yfir í opnar samræður sína áhrif. Eins og kom fram í könnun frá leikskólanum vildu nokkrir foreldrar sjá áfram mælingar á þroska barna eins og var. Upplýsingar sem foreldra fengu um samskipti barns við önnur börn jukust aftur á móti milli ára 2007-2009, úr 96% í 100%.

Könnun, unnin í leikskólanum

Könnun var gerð af leikskólanum meðal foreldra vorið 2009, eftir að fyrstu foreldraviðtölin með nýjar möppur voru afstaðin.

Auður Ævarsdóttir, aðstoðarleikskólastjóri hafði yfirumsjón með þessari könnun.

Þrettán foreldrar svöruðu könnuninni. Þó svarhlutfall sé lágt má fá þokkalega mynd af viðhorfum foreldra til breytinganna sem gerðar voru á foreldraviðtölum. Hér koma helstu niðurstöður:

Hvernig finnst þér fyrirkomulagið á foreldraviðtölunum?

- *Fyrirkomulagið á foreldraviðtölum finnst mér mjög gott. Góður undirbúningur hjá þeim sem það annast með alls kyns upplýsingum. Mjög afslappað og gott viðmót.*
- *Mér finnst núverandi fyrirkomulag, a.m.k. eins og það hefur verið í síðustu tveimur viðtölum frekar efnislítið, þar sem að umræðan hefur ekki mikið verið um*

stöðu barnsins í leikskólanum, þroska, líðan þess og hegðun – en þá má kannski skýra með flutningi á milli deilda og þess að það gleymdist að gera einstaklingsáætlun fyrir hana. Þ.a.l. var ekki mikið að ræða um. Ég myndi vilja sjá eitt til tvö viðtöl á ári um stöðu barnsins, líðan, þroska, hegðun o.s.frv. í leikskólanum því að þar á barnið líf sem við foreldrar erum ekki hluti af og höfum í raun lítið um að segja.

- *Á heildina séð ágætt. Fínt að fá spurningar til að hugsa um áður en maður mætir.*
- *Hef ekkert út á það að setja, en þeim má ekki fækka.*
- *Mér finnst fyrirkomulagið mjög gott, gott að koma og spjalla um barnið og leikskólastarfið í ró og næði og gott að koma bæði saman (foreldrarnir) og spjalla við leikskólann því að við búum ekki saman og komum því sjaldnast saman á leikskólann.*
- *Fínt fyrirkomulag og gott að fá upplýsingar um barnið á pappír sem maður getur síðan farið yfir aftur þegar heim er komið án þess að gleyma neinu.*
- *Mér finnst þetta fínt fyrirkomulag. Mátulega oft að hafa þetta tvisvar á ári.*
- *Gott fyrirkomulag. Var farin að velta því fyrir mér áður en viðtölin voru auglýst hvort það væri ekki kominn tími á þau.*
- *Mér finnst fyrirkomulagið bara vera fínt og persónumöppurnar eru mjög sniðugar svo hægt sé að fylgjast með þróuninni.*

Færð þú nægar upplýsingar um barnið og innra starf leikskólans í gegn um viðtölin og persónumöppurnar?

- *Já. Helst að tíminn sé stuttur en það er alveg ljóst að deildarstjórinn er alltaf til reiðu að ræða það sem upp kemur. Þó ekki náist að fara yfir öll mál er hægt að taka það sem útaf stendur síðar. Það er vel.*
- *Já, tel mig fá allar upplýsingar sem þörf er á. Greinilegt að starfsmenn fylgjast vel með öllum einkennum og þroska sonar míns.*

- *Mjög gaman fréttu um ýmislegt sem kemur fram um athafnir hans í leikskólanum og persónuleika, sem maður tekur e.v.t. ekki alltaf eftir heima. Mér finnst greinilegt að þið leggið metnað í að kynnst hverjum og einum vel til að geta upplýst okkur foreldrana sem best.*
- *Já og nei, ég geri mér að sjálfsögðu ekki grein fyrir því hvort að einhverjar upplýsingar skorti (því að þá veit ég ekki af þeim).*
- *Ég held að almennt sé upplýsingaflæðið til foreldra í Sæborg með ágætum. Það dregur þó ekki úr því að auðvitað má alltaf bæta við og auka það – það er hins vegar spurning hvort að það sé raunhæf krafa.*
- *Ég notaði vefinn töluvert til þess að fylgjast með starfsseminni inni á deildinni og ég sakna dagbókarinnar sem þar var (en hún er lokað og hefur verið í nokkra mánuði). Ég vil gjarnan sjá hana komast í gagnid aftur því að hún var tæki sem ég gat notað til að ræða við dóttur mína um daginn hennar.*
- *Viðtalið gaf fína heildarmynd af barninu í skólanum og leikskólasterfinu, sem mér finnst reyndar vera miðlað vel yfir veturinn. Hefði þó verið gott fá tilbúna „súmmeringu“ á stöðu barnsins á helstu þáttum, t.d. varðandi gróf- og fínhyfingar, vitsmunapróska, félagspróska og slíkt m.v. aldur. Hvar gengur mjög vel og hvar síður? Hverju sýnir barnið sérstaklega áhuga á í skólanum?*
- *Við fengum möppuna lánaða heim nokkrum dögum fyrr, veit ekki hvort allir fengu það. Það var mjög skemmtilegt og gott að vera búin að líta yfir hana fyrir viðtalið. Líka gott að heyra hvað er á döfinni á leikskólanum.*
- *Já, ég held það, meira þó um barnið sjálft heldur en innra starfið í foreldraviðtali. Mér finnst persónumappan frábært leið. Heimasíðan gefur mér einnig upplýsingar um starf innan leikskólans, ásamt því sem barnið segir mér að skóla loknum. Mér finnst þó að flestir leikskólakennarar séu ragir við að benda á ef eitthvað er neikvætt eða finnst erfitt að koma sér að því að segja það sem er athugavert en þó mjög misjafnt eftir fólki. Þó að foreldrar séu viðkvæmir fyrir e-u sem er neikvætt eða ekki eins og það ætti að vera varðandi barnið þá er samt nauðsynlegt að heyra það og vera bent á það til að geta unnið með viðkomandi vandamál á jákvæðum forsendum til batnaðar.*

- *Mest í gegnum viðtöl. Það er ekki mikið af upplýsingum í möppunni.*
- *Já, mér finnst við fá að fylgjast mátulega mikið með starfinu í gegnum viðtölin og persónumöppurnar og svo er líka mjög skemmtilegt að fá tölvupóstana sem þið sendið öðru hvoru um það hvað er að gerast hjá ykkur. Það er örugglega heilmikil vinna að lofa foreldrunum að fylgjast með en það er voðalega traustvekjandi að finna hvað þið eruð metnaðarfull og haldið vel utan um starfið og börnin.*
- *Finnst þetta tvennt skila góðum upplýsingum.
Neita því þó ekki að ég sakna upplýsinga um starfið (þ.e. myndir og blogg) sem birtust oftár á vefnum á síðustu skólaárum.*
- *Upplýsingaflæðið er ágætt og kannski svolítið í manns eigin höndum að fylgjast með hverju sinni en mér finnst aðgengið að kennurum gott og þægilegt.*

Finnst þér þú fá tækifæri til að koma þínum skoðunum á framfæri?

- *Já, og það er hlustað afar vel. Almennt er ástæða til að segja að þessi deild sem mínir strákar eru á er frábærlega mönnuð og starfið undursamlegt.*
- *Hef sjaldnast þurft að koma skoðunum á framfæri nema þá til að bera lof á þennan leikskóla. Syni mínum hlakkar til að fara á Sæborg og hann hefur frá fyrstu tíð verið mikill leikskólastrákur. Hann hefur oftár orð á því nú að hann hlakki til að fara á Sæborg. En bara til að koma einhverri skoðun á framfæri þá erum við foreldrar hans alltaf jafn þakklát fyrir ykkar starf, bæði í tilviki sonar okkar og stóru systur hans. M.a. lofsvert hvernig þið unnuð úr þessari manneklu í fyrra.*
- *Mér finnst fyrirkomulagið á foreldraviðtölunum mjög gott. Með þessu fyrirkomulagi komast helstu upplýsingar til skila: bæði frá deildarstjóra til foreldris og öfugt. Einnig er mögulegt fyrir foreldri að koma sínum skoðunum á framfæri og ræða eitthvað nánar við deildarstjóra sem honum finnst vert að ræða eða vantar uppá í umræðunni. Ég er mjög sátt við þetta fyrirkomulag og sé ekkert athugasvert við það. Í viðtalinu fékk ég að vita hvar dóttir mín nýtur sín best (þ.e. í hvaða*

starfi/dagskrá) og hvar hlutirnir mættu vera betri. Deildarstjórinn gaf mér líka góð ráð hvað varðar leiðir til að takast á við viss atriði í uppeldinu. Mér finnst mjög mikilvægt að samræma svona atriði til að barnið fái svipað viðmót við vissri hegðun heima og á leikskólanum.

Samantekt og umræður

Endir þróunarverkefnis er ekki síður upphaf þess! Mikil vinna er framundan við áframhaldandi þróun á persónumöppunum. Í upphaflegum markmiðum sem sett voru með verkefninu kom fram að persónumöppurnar eigi að endurspegla sögu barnsins í leikskólanum, styrkleika þess og tengsl við önnur börn ásamt því að efla tengsl heimilis og leikskóla. Möppurnar eru hugsaðar sem utanumhald um skráðar heimildir í námi og þroska barns. Bæði starfsfólk og foreldrar eiga að vera virkir og bera ábyrgð á skráningum, að þær gefi sem gleggsta mynd af barninu. Skráningarnar eru hugsaðar til stuðnings við þau markmið sem sett eru með barninu og einnig til mats á framvindu. Vinna við einstaklingsnámskrár er víða enn á byrjunarstigi. Foreldrar eru byrjaðir að vinna að markmiðum fyrir barnið ásamt starfsmönnum, en vinnan við að fá barnið að verkinu, þ.e.a.s. að setja sér sín eigin markmið er á byrjunar stigi. Möppurnar nýtast nú vel í foreldraviðtölum, sem þær gerðu ekki áður.

Kanna þarf þann möguleika að láta möppurnar fylgja barninu áfram upp í grunnskólann, því eins og RannUng bendir á að þá þarf einstaklingurinn að fá tækifæri til að flytja þekkingu og færni frá fyrri skólastigum yfir á þau næstu.

Viðhorfskannanir sem leikskólinn gerði sýndu mikla jákvæðni hjá foreldrum gagnvart möppunum. Rannsókn sem gerð var í leikskólanum þar sem 84% foreldra segjast fá mjög eða frekar mikla innsýn inn í innra starf leikskólans

með því að skoða skráningar, segir okkur að skráningar eru að skila tilætluðum árangri varðandi þann þátt að gera starfið sýnilegra. Aftur á móti eru 59% foreldra óákveðnir og vita ekki hvort þeir séu tilbúnir að efla foreldrasamstarfið með því að nota skráningar heima. Sumarfrískráningin skilaði sínu og gerði foreldra öruggari varðandi skráningarnar og vonandi sjá þeir betur tilganginn með skráningunum eftir það verkefni.

Í upphafi verksins gleymdist að kjósa eitt foreldri í möppuhóp, eins og til stóð. Það hefði verið gott að hafa sjónarmið foreldris á fundum. Þá settu mannabreytingar svip á verkið. Nokkrir starfsmenn úr möppuhópi hættu eða fóru í náms- og barnsburðarleyfi. Breyting varða á deildarstjórum haustið 2009 og eru nú tveir nýir deildarstjórar að setja sig inn í verkefnið.

Kostnaðaráætlun hefur staðist að mestu leiki fyrir utan prentun á lokaskýrslu. Hugmynd er uppi um að foreldrar greiði ákveðið möppugjald, þ.e.a.s. fyrir möppu, plöst og geisladiska enda koma þeir til með að eiga það í lokin.

Í lokin vill verkefnistjóri þakka þeim starfsmönnum er lögðu sitt að mörkum við að láta þróunarverkefnið ganga. Sérstakar þakkir eru til Auðar Ævarsdóttur fyrir könnun og rannsókn sem hún vann, Kristínar Hildar Ólafsdóttur fyrir yfirlestur á lokaskýrslu og góðar ábendinga, Höllu Daggar Önnudóttur fyrir að koma sumarfrísbókinni af stað og að lokum Önnu Grétu Guðmundsdóttur fyrir „Góðar skráningar“ sem styðja vel við verkefnið (sjá fylgiskjöl).

Allar skráningar og myndir af börnum í fylgiskjöllum eru birtar með leyfi foreldra. (skráningar eru ekki hafðar með í þessu eintaki en hægt er að nálgast skráningar í skýrslu á Leikskólasviði eða með því að kaupa skýrslu hjá leikskólanum Sæborg)

Heimildaskrá

Jóhanna Einarsdóttir og Bryndís Garðarsdóttir (2008). *Sjónarmið barna og lýðræði í leikskólastarfi*. Reykjavík: Rannsóknarstofa í menntunarfræðum Ungra barna.

Leikskólinn Sæborg (2006). *Skólanámskrá Sæborgar*. Reykjavík: Leikskólinn Sæborg.

Menntamálaráðuneytið (1999). *Aðalnámskrá leikskóla*. Reykjavík: Menntamálaráðuneytið.

Kristín Hildur Ólafsdóttir (2005). Rannsóknarstofnun Kennaraháskóla Íslands. *Bleikir Gíraffar í Sæborg: Þróunarverkefni í leikskólanum Sæborg 1999-2004*.

Reykjavíkurborg (2006). *Stefna og starfsáætlun Leikskólasviðs og Menntasviðs*.

Statens Spesiallærerhøgskole Oslo. Matte Tafjord (1982). Þroskamat: *Leikur og Athafnir*.

Fylgiskjal

Viðhorf barna til breytinga sem orðið hafa á persónumöppunni

Rætt var við fjögur börn á elstu deild leikskólans eitt í einu. Barnið skoðaði möppuna sína og kennarinn skráði ýmislegt sem barnið sagði. Svo var barnið spurt um það hvernig því litist á nýju persónumöppuna, hvort það myndi vilja bæta einhverju í hana og hvort það sé eitthvað sem eigi ekki heima í henni.

Jóhanna 4 ára og 10 mánaða

Við byrjum að skoða möppuna og hún segir mér mikið frá öllum fjölskyldumyndunum í byrjun möppunnar. Svo koma myndir frá því að Jóhanna var á Skýjakoti. Hún bendir á mynd og segir: „Þetta er Matthea (litla systir).“ Ég útskýri að þetta sé Jóhanna. „Já, þetta er bara sama brosið.“

Við komum að stimpluðum handaförum. Jóhanna mátar sínar hendur við handaförin. „Hendur! Það passar ekki lengur. Allavega ekki þumalputtinn.“

Næst kemur sjálfsmýnd sem Jóhanna teiknaði þegar hún var tveggja ára. „Þetta er bara fyndin mynd af mér. Ég kundi ekki að gera alvöru mynd af mér.“ Þegar kemur að þriggja ára afmæliskráningu hlær Jóhanna og minnst afmælisdagsins: „Þá fékk ég alltaf að vera fyrst.“

Næst kemur að leikskráningu: „Þarna er engin mynd“, segir Jóhanna og flettir áfram. Þá kemur að seinni sumarleyfisskráningunni. „Þetta er númer tvö.“

Hvernig líst þér á nýju persónumöppuna þína?

„Vel.“

Þegar Jóhanna var spurð hvað henni fannst skemmtilegast að skoða benti hún á sumarleyfisskráninguna.

Þegar spurð að því hvað hún vilji bæta við í möppuna segir hún: „Það á bara eftir að gera það.“

Brynhildur 5 ára og 5 mánaða

Brynhildur hefur aðeins verið í Sæborg í hálf t ár og því er minna í hennar möppu en hjá hinum börnunum. Hins vegar er hún mjög áhugasöm um möppuna sína og hvetur kennarana mikið til að gera skráningar í möppuna. Við skoðum möppuna hennar en fyrst eru myndir af fjölskyldunni og sumarfríinu. Brynhildur skoðar þær vel og kyssir myndirnar. „Ég kyssi bara litlu systur!“ Hún segir frá fríinu sínu.

Við komum að skráningum. „Hérna var ég að búa til bílinn og sandkassann. Hérna var ég að leira vélmennið. Ha, af hverju er hljóðfærið hérna?“ (skráning sem hún hafði ekki séð).

Hvernig líst þér á nýju persónumöppuna þína?

„Vel, það er gaman að skoða myndirnar sem eru í möppunni.“

Er eitthvað sem þú vilt bæta í hana?

„Eitthvað annað, eins og hin börnin eru með. Líka svona þegar er öskudagur og eitthvað annað. Eða einhverja mynd.“

Er eitthvað sem þér finnst að eigi ekki að vera í möppunni?

„Nei.“

Dagur 5 ára og 1 mánaða

Við byrjum á að skoða möppuna hans Dags. „Þetta er ég auðvitað sjálfur. Hey, þetta er byrjunin.“ Hann bendir mér á mynd af sér sjálfum litlum í sveitinni. „Við fundum geit og hund og mann með hundinn. Þarna var ég lítill.“ Við flettum áfram og myndirnar af fjölskyldunni eru búnar. „Nú erum við komin inn í hvítu.“ Við komum að gulu spjaldi í möppunni sem markar tveggja ára afmælið, svo koma myndir af afmælinu. „Þarna á ég afmæli. Ég get ekki séð hvað ég er gamall af því að það er ekki litur.“ (þ.e. ekki litmyndir)

Nú er komið að handaförum og fótaförum. „Hérna eru litlu fótsporin mín. Hérna var ég á minnstu deildinni. Hérna eru litlu hendurnar mínar, alvöru puttarnir eru stærri. Það er eins og ég missti einn putta hérna.“

Við komum að leikskráningu með engum myndum. „Það er bara allt til að lesa! Ég kann ekki að lesa.“ Hann flettir fljótt yfir þessa skráningu og þá er komið að fyrstu sjálfsmyndinni. Dagur verður vandræðalegur og segir: „Ég er eiginlega bara að krot. Þessi er eiginlega krot. Ég kunni ekki að lita venjulega þá.“ Hann flettir á næstu teikningu sem hann gerði þegar hann var aðeins eldri: „Þarna ég var hálf, ekki búinn þarna“ og er aðeins sáttari við frammistöðuna.

Við komum að kubbaskráningu. „Ég var að kubba. Ég man eftir þessu.“ Við lesum það sem hann sagði á meðan hann kubbaði og Dagur hlær. „Ég man eftir einu sem ég bjó til, ætla að búa til, á eftir að búa til. Það er úr svona kubbum á Torginu.“

Við komum að sjálfsmynd frá því að hann var rúmlega þriggja ára. „Þessi heppnaðist en ég gleymdi að lita hendurnar“, segir Dagur ánægður.

Næst er skráning frá skapandi efnisveitu en í skráningunni segir frá því þegar Dagur fann trébraut og reyndi að finna eitthvað til að renna niður brautina. „A, ég man eftir þessu. Þetta byrjar hérna og stoppar hérna.“ Svo hreyfir Dagur puttann eftir myndinni eins leið kúlunnar var.

Nú er komið að fyrstu sumarleyfisskráningunni í möppunni en foreldrar vinna hana í samvinnu við börnin. „Þetta er Legoland. Ég fór í svona að ég sprautaði. Selur. Ég er að æfa mig í golfi þarna og skjóta upp og svo í holuna. A, krabbar. Ég var að veiða krabba. Ég veit hvernig maður veiðir krabba. Þeir bara fara eitthvert.“

Næst kom leikskráning með nokkrum myndum. Við lásum leikskráninguna saman og Dagur hló mikið. Þegar kom að síðustu sjálfsmyndinni voru ljósmyndir af honum að skoða sig í spegli og teikna myndina. Dagur skoðaði ljósmyndirnar lengi. „Glansar þetta nokkuð í alvörunni? Ég er að reyna að sjá gulltönnina.“

Teikning af Star Wars var næst en hana gerði Dagur síðasta vetur. „Star Wars! Yes! Hérna er Yoda og Svarthöfði. Yoda er með grænt geislasverð og Svarthöfði með rautt.“ Skráning og teikning af krabba var næst. „Þetta er krabbi, sko trjónukrabbi. Það var eitthvað að krabbanum.“ Svo er komið að nýjustu sumarleyfisskráningunni og Dagur skoðar hverja mynd vel og segir frá. Að lokum spyr ég hann um möppuna.

Hvernig líst þér á nýju persónumöppuna þína?

„Vel. Það er mjög erfitt að halda á öllu í einu. Gaman að skoða öll afmælin og allt. Það er sko mjög langt. Bara gaman að skoða allt.“

Hverju myndir þú vilja bæta í hana?

„Já, ég á eftir að gera dálítið. Ég man það bara ekki.“

Er eitthvað sem þér finnst að eigi ekki að vera í henni?

„Það er ekki eitt venjulegt. Það eru litir sem eigi ekki að vera í henni.“ Þarna átti Dagur við litaspjöldin sem afmarka afmælisárin (gult fyrir tveggja ára, rautt fyrir þriggja ára o.s.frv.) Ég sýndi honum til hvers þau voru og þá var hann ánægður.

Marta 4 ára og 9 mánaða

Marta byrjar að skoða möppuna sína. „Ég veit hvað byrjar á. Ég, þegar ég var pínulítið smábarn. Hérna er mamma, ég og Tómas. Þar er ég á bakinu á pabba. Þarna kunni ég ekki að labba. Og æviloka.“

Á eftir myndunum frá því áður hún byrjaði á Sæborg kemur fyrsta leikskráningin en í henni eru engar ljósmyndir. „Bara stafir!“, segir Marta ögn hneyksluð. Við skoðum teikningar, handföer og leirskráningar en Marta flettir hratt í gegn. „Nú er ég komin sem ég elska“, segir hún og bendir á fyrri sumarleyfisskráninguna. Hún segir mér nákvæmlega frá sumarleyfinu. Hún sér mynd af sér og handleggur heldur utan um hana. „Ég veit að þetta er pabbi af því að ég sé það á hárinu.“

Hún flettir svo hratt þar til hún kemur að stórrri mynd sem birtist af henni og annarri stúlku í Morgunblaðinu þegar þær heimsóttu Alþingishúsið. „Hérna er mynd af mér í Fréttablaðinu.“ Hún skoðar afmælistíðningu: „Þarna var ég fjögurra ára.“ Svo kemur að næstu sumarleyfisskráningu. „Nú er ég komin í annað sumarleyfið minn. Sumarskránið.“ Hún segir mér frá þessu sumarfrí líka. Næst í möppunni er teikning af krabba og skráning með. „Hvað er ég að gera þarna? Krabba, ha?“ og síðasta skráningin er frá því að hún bjó til hljóðfæri úr náttúrulegum og endurnýtanlegum efnivið. „Þetta var hljóðfærið mitt.“

Að lokum spurði ég hana:

Hvernig líst þér á persónumöppuna þína?

„Fín. Fínt annað sumarfríð mitt. Gott að hafa þennan disk. Ég er á honum og einhverjir aðrir.“ Bendir á geisladisk með ljósmyndum af sér.

Hverju myndir þú vilja bæta í hana?

„Mér langar að fá mynd af allt sem ég er búin að leira.“

Er eitthvað sem þér finnst að eigi ekki að vera í henni?

„Stafir!!!“, segir Marta og bendir á skriflega skráningu með engum myndum.

Samantekt frá Önnu Grétu eftir að hafa rætt við börnin

Börnin nutu þess mjög mikið að skoða möppuna sína og ræða við mig það sem í henni var. Þau höfðu greinilega minni áhuga á skráningum með engum myndum eða fáum myndum en sumar elstu skráningarnar voru þannig. Hins vegar þótti þeim skemmtilegt þegar ég las skráninguna fyrir þau. Ég myndi halda að það þyrfti að lágmarki eina ljósmynd til þess að börnin hefðu áhuga á skráningunni. Það er greinilegt mat tveggja barna að skriflegar skráningar án mynda eigi ekki heima í möppunni.

Mér fannst börnin nota afmælisskráningarnar til að staðsetja sig í þroska. Þannig tengdu þau, t.d. krotteikningu við það að vera tveggja ára. Afmælisskráningarnar vöktu greinilegan áhuga en þau voru sum svo svolítið hissa á lituðu millisþöldunum en voru fljót að skilja þegar ég sýndi þeim að það kom alltaf nýtt spjald á undan afmæli.

Sumarleyfisskráningarnar voru greinilega það sem stóð upp úr hjá þeim og ræddu þau mikið um þær. Marta sagði einmitt „Nú er ég komin sem ég elska“ þegar hún kom að sumarleyfisskráningu. Við þurfum endilega að gera foreldrum ljóst hversu gríðarlega mikilvægar þessar skráningar eru fyrir börnin.

Að lokum held ég að við ættum að setjast oftar niður með einu og einu barni og skoða möppuna. Þessi börn sem ég ræddi við eru eflaust nú með betri hugmynd um það sem er í möppunni og ég tel þau líklegri en hin börnin til að biðja um að eitthvað ákveðið fari í möppuna.



Viðhorf starfsmanna til breytinga sem orðið hafa á persónumöppunni

- **Hverju hefur verkefnið breytt fyrir þig?**

Eftir að við byrjuðum á þróunarverkefninu Mín leið finnst mér bæði að tilgangurinn með persónumöppunum hafi orðið skýrari en einnig að hlutverkið hafi víkkað til muna. Fyrir þróunarverkefnið voru möppurnar aðallega til þess að halda utan um sjálfsmyndir, handafir og nokkrar ljósmyndir, voru lítið nýttar á meðan leikskóladvöl barnsins stóð en voru svo afhentar í útskrift barnsins við mikla ánægju foreldra. Núna eru möppurnar fullar af fjölbreyttum skráningum sem segja okkur ótrúlega margt um barnið, áhugamál þess og getu. Þessar skráningar nýtum við kennarar í foreldraviðtölum til að ræða um hugmyndir og þroska barnsins. Foreldrar hafa betri aðgang að möppunum og hafa hlutverki að gegna: útbúa sögu barnsins, gera árlegar sumarleyfisskráningar og að skoða persónumöppuna a.m.k. fyrir foreldraviðtöl ef ekki oft. Með þessu móti nýttist mappan miklu betur en áður og foreldrar verða virkari í samstarfinu.

Eins finnst mér jákvætt að börnin eru með í vinnunni með möppurnar. Þau hafa greiðan aðgang að möppunum inni á deild og skoða möppurnar oft. Sum börnin á elstu deildinni eru orðin mjög meðvituð um skráningar í möppunni og biðja stundum kennara að gera skráningar á því sem þau eru að gera. Ég sé fyrir mér að við eigum eftir að dýpka enn vinnuna með börnin og möppurnar, t.d. skoða möppurnar oft með börnunum og að börnin hafi meira að segja um innihald sinnar möppu.

Já, ég tel að verkefnið hafi breytt mjög miklu fyrir mig. Þótt vissulega hafi verkefnið aukið á vinnuálagið þá er þetta skemmtilegt álag og mér finnst að með öllum þessum skráningum kynnist ég börnunum og áhugasviðum þeirra enn betur en ella. Sjálf hef ég þróast heilmikið í skráningum síðustu tvö eða þrjú ár og

skráningar mínar eru hnitmiðaðri, ég veit betur hvað ég vil skrá og ég nýti mér betur það sem ég les út úr hverri skráningu. Eins finnst mér að við, sem starfsmannahópur, séum alltaf að bæta okkur í að ræða skráningar en við þurfum engu að síður að vinna mjög markvisst með þessa ígrundun skráninga næsta vetur til að komast enn lengra. Góð ígrundun skráninga á einnig eftir að nýtast vel starfsfólki sem er að stíga sín fyrstu skref í skráningum því að með umræðum og ígrundun sjá nýliðarnir tilganginn betur og átta sig á *hvað* við viljum skrá, þ.e. styrk, getu, samvinnu og hugmyndir barnanna.

Foreldraviðtölin eru einnig mun skemmtilegri en áður með meiri samræðum við foreldra. Það að vinna einstaklingsáætlun barnsins SAMAN gerir foreldra ábyrgari fyrir uppeldi barnsins í leikskólanum og foreldrum fá meiri áhrif. Einnig er ég mjög ánægð með þá sýn í einstaklingsnámskrá barnsins að horfa mikið til styrks, getu og áhuga en ekki bara það sem þarf að bæta og æfa. Að lokum eru markmið barnanna sjálfra alveg frábær og ég hlakka mikið til að vinna að þeim með börnunum og meta þau á sýnilegan hátt með þeim í lok vetrar.

- **Hefur verkefnið staðið undir væntingum? Ef já þá hvernig?**

Já, það finnst mér. Mér finnst ég sjálf hafa lært mjög mikið og sé mikinn mun á skráningum frá því fyrir tveimur árum og nú.

Við vildum hafa möppurnar aðgengilegri fyrir börn og foreldra – þær eru það núna. Við vildum hafa fleiri skráningar í möppunum og minna föndur – við erum að standa okkur vel þar. Við vildum nota möppurnar í foreldraviðtölum – það gerum við. Við vildum að foreldrar kæmu meira að gerð skráninga – það er að takast nokkuð vel með Sögu barnsins og sumarleyfisskráningum.

Ég geri mér fulla grein fyrir því að mikil vinna er framundan og þessi vinna á alltaf eftir að taka mikinn tíma. Hins vegar finnst mér það fullkomlega þess virði og hlakka bara til.

A.G.G.

- **Hverju hefur verkefnið breytt fyrir þig?**

Mér finnst ég vera meðvitaðri um möppurnar núna en áður. Maður venur sig á að vera alltaf að skrá og ígrunda skráningar. Mér finnst persónumöppurnar ýta undir það. Eftir verkefnið þá er ég mun meðvitaðri um að möppurnar skipta miklu máli í ferli barnsins í leikskólanum.

- **Hefur verkefnið staðið undir væntingum? Ef já þá hvernig?**

Já tvímælalaust. Möppurnar hafa tekið miklum stakkaskiptum. Þær eru orðnar stór hluti af starfinu, meira en þær voru áður

A.G.

Ný viðmið eins og þau líta út í dag

Svona horfum við á barnið

í vinnu okkar við einstaklingsáætlanir



